



Reykjavík, 20. ágúst 2020

R20080077

6631

óm

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Hekllureitur - Laugavegur 168 og 170 - 174 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 20. ágúst 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. ágúst 2020, sbr. synjun skipulags- og samgönguráðs frá 12. ágúst 2020 á breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar að Laugavegi 168 og 170-174, Hekllureitur, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð staðfesti synjun skipulags- og samgönguráðs.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Sveitarfélög fara með ábyrgð á skipulagi alls lands innan sinna marka. Umrædd lóð er á lykilsvæði á nýjum þróunarás og fyrsta áfanga borgarlínu og því mikilvægt að vel til takist. Uppbyggingin þarf að taka mið af aðalskipulagi og framtíðaruppbyggingu innan borgarinnar. Það er ekki valdniðsla að samþykkja ekki allar hugmyndir sem koma frá lóðarhöfum heldur ábyrgð yfirvalda að skipuleggja byggt umhverfi á sjálfbæran hátt með þarfir núverandi og komandi kynslóðir í huga.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skipulag Hekllureits er í uppnámi en meira en þrjú ár eru síðan borgin gerði umdeilda viljayfirlýsingu um uppbyggingu á reitnum, sem borgarstjóri flaggað sérstaklega í kosningunum 2018.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Að hafna þessari umsókn á breytingu á deiliskipulagi á Hekllureit er valdniðsla stjórnvaldsins Reykjavíkurborgar á hendur einkaaðila gæti hugsanlega verið brot á eignarétti og yfirráðum eigna í þessu tilfalli lóðar. Í borgarráði þann 25. júní sl. var afturkölluð viljayfirlýsing frá 3. maí 2017 um samstarf milli borgarinnar og Heklu hf.

vegna fyrirhugaðs flutnings fyrirtækisins í Suður Mjódd og þróun lóða félagsins við Laugaveg, samhliða flutningi á starfsemi þess. Afturköllunin var ákveðin í ljósi þess að samþykktar voru breyttar skipulagsáætlanir fyrir lóðir Heklu hf að Laugavegi og af því að ekki voru skilgreind ákvæði um uppbyggingarhraða í Suður Mjódd innan 2 ára frá undirritun viljayfirlýsingarinnar. Engin niðurstaða er því í málinu, nema sú að málið er á byrjunarreit og er til þess fallin að hrekja fyrirtækið úr borginni. Þetta mál er dæmalaust klúður að hálfu borgarinnar



Helga Björk Laxdal

e.u.